

FW: bæjarráð FW: Varasjóður - Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2017

**Til** : Hjördís Þráinsdóttir  
**Frá** : Hjördís Þráinsdóttir  
**Heiti** : FW: bæjarráð FW: Varasjóður - Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2017  
**Málsnúmer** : 2018110042  
**Málsaðili** : Varasjóður Húsnæðismála  
**Skráð dags** : 16.11.2018 12:13:14  
**Höfundur** : Hjördís Þráinsdóttir

**From:** Þórdís Sif Sigurðardóttir

**Sent:** fimmtudagur, 15. nóvember 2018 10:35

**To:** Hjördís Þráinsdóttir

**Cc:** Guðmundur Gunnarsson

**Subject:** bæjarráð FW: Varasjóður - Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2017

---

**From:** Guðni Kristjánsson [<mailto:gudnik@ils.is>]

**Sent:** miðvikudagur, 14. nóvember 2018 13:00

**Subject:** Varasjóður - Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2017

Heil og sæl.

Varasjóður húsnæðismála, í samvinnu við velferðarráðuneytið og forvera þess, hefur frá árinu 2004 gert árlega könnun á stöðu leiguíbúða hjá sveitarfélögum. Könnunin hefur tekið miklum breytingum frá því að henni var fyrst ýtt úr vör t.d. hefur spurningum fjölgað úr tíu í tæplega 60.

Tilgangur könnunarinnar hefur verið að fylgjast með framvindu og breytingum á stöðu leiguíbúða en upplýsingar hafa meðal annars komið að notum við stefnumótun stjórnvalda í húsnæðismálum.

Könnun vegna ársins 2017 var gerð í maí síðast liðnum. Alls bárust svör frá 44 sveitarfélögum, eða 59,5% þeirra. Í þessum sveitarfélögum bjuggu 89,8% landsmanna, sem er nokkru lægra hlutfall en raunin var í könnun ársins 2016, sem náði til 98,2% landsmanna.

Með því að smella á þennan tengil: [Könnun 2017](#) er hægt að nálgast skýrslu um niðurstöður könnunar um stöðu leiguíbúða sveitarfélaga þann 31. desember 2017

Eldri kannanir sem Varasjóður hefur framkvæmt má finna á vefsvæði [Varasjóðs húsnæðismála](#).

Virðingarfyllst,

Fh. Varasjóðs húsnæðismála.

Guðni Kristjánsson, framkvæmdasjóri.